

*Rammaáætlun um eflingu gæða í íslenskum háskólum*

**Eftirfylgniúttekt**  
**Háskólinn á Bifröst**  
**- Samantekt**

-

Mars 2023



## Inngangur

Þessi samantekt er byggð á skýrslu gæðaráðs íslenskra háskóla (gæðaráðs) um eftirfylgniúttekt á Háskólanum á Bifröst sem var gefin út á ensku þann 7. mars 2023<sup>1</sup>. Í stofnunarúttekt gæðaráðs í mars 2021 hlaut Háskólinn á Bifröst takmarkað traust til til starfshátta og getu háskólans til að tryggja gæði þeirra námsgráða sem hann veitir. Markmið eftirfylgniúttektarinnar var að meta hvort þær umbætur sem háskólinn lagði fram í stöðuskýrslu í kjölfar stofnunarúttektarinnar væru nægjanlegar til að aflétta því takmarkaða trausti<sup>2</sup>. Í sömu stofnunarúttekt bar úttektarhópurinn hins vegar traust til starfshátta og getu Háskólans á Bifröst til að tryggja gæði þess námsumhverfis sem hann býður nemendum sínum.

Úttektin var framkvæmd af óháðum hópi sem skipaður var af gæðaráði og samanstóð af alþjóðlegum sérfræðingum í málefnum háskóla og einum fulltrúa íslenskra stúdenta.

Stofnunarúttektir eru einn þáttur í annarri lotu rammaáætlunar um eflingu gæða í íslenskum háskólum (e. *2<sup>nd</sup> Cycle of the Quality Enhancement Framework for Icelandic Higher Education*) sem hófst árið 2017. Helstu þættir þeirrar rammaáætlunar eru:

- Stofnunarúttektir framkvæmdar af gæðaráði (e. *Quality Board-led Institution-Wide Reviews*);
- Sjálfsmat faglegra eininga, sem háskólarnir sjálfir framkvæma (e. *University-led Subject-Level Reviews*);
- Framvinduskýrslur (e. *Annual reports*) og áfangaskýrslur (e. *Mid-term Progress Reports*) frá háskólum í kjölfar stofnunarúttekta;
- Árlegir fundir háskóla og einstakra meðlima gæðaráðs;
- Vinnustofur og ráðstefnur;
- Sérstakar úttektir kostaðar af þriðja aðila.

Nánari upplýsingar um rammaáætlun er að finna á heimasíðu gæðaráðs íslenskra háskóla ([www.qef.is](http://www.qef.is)).

Dr Andrée Sursock

Formaður gæðaráðs

Dr Ólöf Gerður Sigfúsdóttir

Framkvæmdastjóri gæðaráðs

---

<sup>1</sup> Skýrslan í heild sinni er birt á ensku á <https://qef.is/qef-review-reports/>

<sup>2</sup> Úttektarskýrslu úr mars 2021 úttektinni má finna á vef gæðaráðs: <https://qef.is/qef-review-reports/>

# Úttektarhópur

Úttektarhópurinn var skipaður eftirfarandi aðilum:

**Alan Davidson (Chair)**, sjálfstætt starfandi ráðgjafi í málefnum gæðamálum háskóla. Fyrirverandi forseti deildar um eflingu gæða náms, kennslu og námsmats við *Robert Gordon University* í Skotlandi.

**Anneli Pirttilä**, fyrirverandi rektor, *Saimaa University of Applied Sciences*, Finnlandi.

**Erlingur Sigvaldason**, fulltrúi stúdenta, nemandi við Menntavísindasvið *Háskóla Íslands*.  
student in the Department of Subject Teacher Education, at the University of Iceland.

**Raymond Smith** ritari úttektarhópsins, sjálfstætt starfandi ráðgjafi í málefnum gæðamálum háskóla, Englandi.

## 1. Um úttektina

Eftirfylgniúttekt á Háskólanum á Bifröst fór fram 12. – 13. desember 2022 og skýrsla um þá úttekt birtist á ensku þann 7. mars 2022. Háskólinn lagði fram stöðuskýrslu sem lið í undirbúningi heimsóknarinnar þann 11. nóvember 2022.

Úttektin var framkvæmd í samræmi við handbók gæðaráðs um rammaáætlun um eflingu gæða (2. útgáfa) sem kom út árið 2017<sup>3</sup>. Einnig tók úttektarhópurinn tillit til krafna og leiðbeininga fyrir gæðamat á sviði æðri menntunar í Evrópu (e. *Standards and guidelines for quality assurance in the European Higher Education Area*)<sup>4</sup>.

## 2. Samantekt niðurstaðna

Úttektarhópurinn þakkar rektor, Margréti Jónsdóttur Njarðvík, starfsfólki og nemendum Háskólans á Bifröst fyrir opnar og gagnlegar umræður og þakkar samstarfsaðilum og hagaðilum fyrir dýrmætt framlag. Úttektarhópurinn þakkar einnig Lydíu Geirsdóttur, gæðastjóra, fyrir góðan stuðning sem tengiliður háskólans í úttektarferlinu.

### 2.1 Traustsyfirlýsing um gæði gráða

Úttektarhópurinn afléttir takmörkuðu trausti á starfsháttum og getu Háskólans á Bifröst til að tryggja gæði þeirra námsgráða sem hann veitir, í nútíð og til nánustu framtíðar.

*Úttektarhópurinn ber traust til núverandi starfshátta og getu Háskólans á Bifröst til að tryggja gæði þeirra gráða sem hann veitir, í nútíð og til nánustu framtíðar.*

### 2.2 Samantekt á helstu niðurstöðum úttektarhópsins

Úttektarhópurinn merkti miklar umbætur og jákvæðar breytingar á starfsháttum háskólans frá stofnunarúttektinni 2021. Hópurinn dregur fram einbeittan vilja starfsmanna, nemenda og ytri hagaðila til þess að takast á við breytingar og áskoranir. Augljóst þykir að mikil vinna hafi farið fram við að rýna framtíðarsýn, stefnu og stjórnun háskólans. Miðað við þann tímaramma sem gefinn var til úrbóta er árangurinn sérstaklega eftirtektarverður og hrósar úttektarhópurinn háskólanum fyrir.

Úttektarhópurinn leggur engar úrbætur til í kjölfar eftirfylgniúttektarinnar.

---

<sup>3</sup> [www.gef.is/publications-and-resources/QEF2-Handbook-for-website.pdf](http://www.gef.is/publications-and-resources/QEF2-Handbook-for-website.pdf)

<sup>4</sup> [www.gef.is/publications-and-resources/useful-resources/ESG\\_2015.pdf](http://www.gef.is/publications-and-resources/useful-resources/ESG_2015.pdf)

Í eftirfylgniúttekt þessari voru rýnd viðbrögð Háskólans á Bifröst við 13 tækifærum til umbóta sem lögð voru fram í stofnunarúttekt Háskólans á Bifröst frá 2021:

1. „Framtíðarsýn skólans er flókin og margþætt. Því þarf að skýra betur stefnu skólans, og samhliða þeirri vinnu að efla forgangsröðun og framkvæmd aðgerðaáætlana innan skólans.“

*Niðurstaða eftirfylgniúttektar:* Sýn, stefna og forgangsröðun eru skýr og framkvæmd aðgerðaráætlana og breytinga innan alls háskólans árangursrík.

2. „Í ljósi metnaðarfullrar framtíðarsýnar sem kom fram í viðtölum við rektor skólans þarf skýrari stefnu um nýtingu á mannauði og áætlanir um markvissa uppbyggingu á mannauði með nýjum ráðningum. Alhliða frammistöðumat og starfsþróunarstefna myndu styðja enn frekar við þá framtíðarsýn.“

*Niðurstaða eftirfylgniúttektar:* Komið hefur verið á starfsþróunarstefnu sem er tengd frammistöðumati og árangursvísunum.

3. „Skortur er á gagnamiðaðri ákvarðanatöku. Stefnu og aðgerðaáætlanir skortir töluleg markmið fyrir árangursvísa og tímalínur.“

*Niðurstaða eftirfylgniúttektar:* Háskólinn hefur lýst því með dæmum hvernig gagnamiðuð ákvarðanatöku er nú lögð til grundvallar í öllu starfi.

4. „Háskólinn beitir ekki formlegri nálgun í samanburði við aðra háskóla, innan lands sem utan og tekur ekki markvisst mið af góðu verklagi í öðrum háskólum.“

*Niðurstaða eftirfylgniúttektar:* Komið hefur verið á vinnuhóp sem er hluti af formlegri nálgun í samanburði við aðra háskóla ásamt útgáfu leiðbeininga um mismunandi tegundir samanburða (e. benchmarking). Samanburðurinn er þríþættur: með gögnum, fyrir deildir (áhersla á nám, kennslu og rannsóknir) og á þeimum (svo sem gott verklag í fjarnámi). Úttektarhópurinn hvetur háskólann til að forgangsraða samanburði við afburða háskóla sem bjóða upp á nám á netinu með áherslu á kennsluaðferðir og kennslufræðilega nálgun fjarnáms.

5. „Þrátt fyrir mörg dæmi um góðan árangur stúdenta með mismunandi bakgrunn eru margir sem klára ekki sínar gráður, og ekki er leitast við að finna skýringar á því með markvissum hætti.“

*Niðurstaða eftirfylgniúttektar:* Skólinn hefur lagt fram gögn og margvísleg dæmi um það hvernig markvisst er unnið gegn brottfalli nemenda.

6. „Þörf er á endurskoðun námsframboðs með tilliti til stefnu skólans, þarfa nemenda og sérhæfingar kennara. Þetta ber að skoða í ljósi þess að skólinn treystir í miklum mæli á

vinnuframlag stundakennara.“

*Niðurstaða eftirfylgniúttektar:* Gerðar hafa verið viðamiklar breytingar á skipuriti skólans og stöðugildum auk þess sem fallið hefur verið frá fyrri áætlunum um að undirbúa nám á doktorsstigi. Sýnt var fram á með dæmum hvernig námsframboð og hlutverk deildarforseta styður við stefnu skólans og þarfir nemenda.

7. „Þrátt fyrir að skólinn hafi útbúið lýsingar á ýmsu vinnulagi, þá er þörf á betri eftirfylgni og símati á gæðavísunum.“

*Niðurstaða eftirfylgniúttektar:* Brugðist hefur verið við þeim annmörkum sem fyrri úttekt leiddi í ljós og nýtt verklag og verkferlar eru innbyggðir í alla starfsemi háskólans. Úttektarhópurinn fékk góð dæmi um það vinnulag og verkferla sem mótaðir hafa verið.

8. „Bæta þarf gæðamat námsleiða, mat á frammistöðu kennara og mat á menntun stundakennara. Einnig þarf að fylgjast betur með því að innihald námsins sé viðeigandi og uppfylli fræðilegar kröfur.“

*Niðurstaða eftirfylgniúttektar:* Hlutfall fastráðinna akademískra starfsmanna var aukið í kjölfar fyrri úttektar og er nú 60% (á móti 40% hlutfalli stundakennara). Háskólinn bendir á að svo hátt hlutfall stundakennara sé ásættanlegt vegna áherslu skólans á að vera í nánum tengslum við atvinnulíf. Skerpt hefur verið á hlutverki fagstjóra og deildarstjóra með tilliti til mats á frammistöðu stundakennara og er almenn sátt um að markmið þeirra breytinga hafi náðst. Nemendur og akademískir starfsmenn staðfestu að innihald námsins væri viðeigandi og uppfylli fræðilegar kröfur með dæmum.

9. „Upplýsingagjöf til nemenda þarf að bæta og niðurstöður kannana og annarrar gagnasöfnunar skila sér ekki til þeirra. Sérstaklega þarf að gæta þess að slíkar niðurstöður berist til nemenda þegar kennsla fer fram að svo miklu leyti með stafrænum hætti.“

*Niðurstaða eftirfylgniúttektar:* Skólinn hefur lagt fram gögn og margvísleg dæmi um það hvernig að úrbótum hefur verið staðið. Ný upplýsingatæknikerfi svo sem Ugly og stýring á upplýsingatæknisviði skólans leika lykilhlutverk í því.

10. „Úttektarteymið skoðaði úrtak af námsgögnum úr kennslukerfi skólans. Þau námsgögn mæta ekki þeim alþjóðlegu viðmiðum sem skólinn þyrfti að uppfylla ef hann byði upp á nám á erlendum markaði, sem er eitt sóknarfæri skólans sem var nefnt í úttektarferlinu.“

*Niðurstaða eftirfylgniúttektar:* Stefubreyting hefur orðið hjá háskólanum og hefur ákvörðun verið tekin um að sækja ekki sérstaklega alþjóðlega nemendur utan EES svæðisins. Hætt hefur verið að bjóða upp á námskeið á ensku fyrir utan skyldunámskeið fyrir skiptinema. Starfsmenn gátu sýnt fram

á með hvaða hætti gæði námsefnis eru tryggð og nemendur sögðust ánægðir með gæði og tengsl námsins við fagvettvang. Kemur fram að það úrtak sem fyrri úttektarhópur (2021) hafi fengið af námsgögnum hafi ekki endurspeglad þau námsgögn og námsefni sem almennt var unnið með í skólanum.

11. „Þótt háskólinn hafi bætt úr skilgreiningum á hlutverki og ábyrgð stjórna og nefnda innan skólans er ekki ljóst hvort það hafi aukið skilvirkni ákvarðanatöku.“

*Niðurstaða eftirfylgniúttektar:* Skólinn gat sýnt fram á að breytingar á stefnu og skipuriti séu til þess fallnar að auka skilvirkni ákvarðanatöku.

12. „Þörf er á að styrkja tengsl við nærsamfélag háskólans, atvinnulíf, útskrifaða nemendur og aðra hagaðila. Einnig þarf að nýta betur gögn um núverandi og útskrifaða nemendur til stefnumótunar, þróunar á námsleiðum og til að styrkja ímynd skólans.“

*Niðurstaða eftirfylgniúttektar:* Úttektarhópurinn hvetur til áframhaldandi sveigjanleika í tengslamyndun við útskrifaða nemendur og aðra hagaðila í ljósi smæðar skólans og samfélagsins.

13. „Styðja þarf við nemendafélags skólans til að taka meiri þátt í stefnumótun og gæðastarfi innan hans, auk þess sem þörf er á að styðja það til réttindavörslu fyrir stúdenta. Viðfangsefni félagsins snúast nú flest um að halda uppi félagslífi.“

*Niðurstaða eftirfylgniúttektar:* Það er áskorun í netvæddu námsumhverfi skólans að ná upp viðunandi nemendapátttöku sem mætir kröfum um nemendamiðað nám og starfshætti. Skólinn hefur brugðið á það ráð að veita afslátt af skólagjöldum fyrir þá nemendur sem taka þátt í nefndum og ráðum, aukið vægi nemenda í deildaráðum og komið á reglulegum fundum formanns nemendafélagsins við rektor og gæðastjóra. Þetta hefur haft jákvæð áhrif og aukið réttindavörslu nemendafélagsins í starfi skólans og í þágu nemendahópsins.